

Mál nr. 12/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/brunatryggingar lausafjár í atvinnurekstri (R)
Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við tjón af völdum eldsvoða
á bifreiðaverkstæði þann 08.07. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.01. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.01. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Brunatjón varð á verkstæði R. Verkstæðið er með brunatryggingu lausafjár sbr. umfjöllun fyrirbyggjandi gagna. Bifreið M var til viðberðar á verkstæðinu en geymd utandyra. Varð kveikjúláslykill eldinum að bráð og hefur hann verið bættur út brunatryggingu lausafjár. Ágreiningur er um hvort félaginu beri að greiða kostnað við að skipta um sjálfan kveikjúlás bifreiðarinnar. Mun ástæða kveikjúlásskipta vera skv. gögnum málsins sú að ef nýr lykill er settur í slitinn sviss þá hætti hann að virka.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Kveikjúláslykill bifreiðarinnar lenti í eldsvoðanum, hann hafi verið bættur. Hins vegar telur félagið að kostnaður við skipti á sjálfum kveikjúlás bifreiðarinnar, sem er hluti af bifreiðinni sjálfri, hafi ekki orðið fyrir tjóni af orsökum eldsvoða, eldingar eða sprengingar, hrapa eða skyndilegs sótfalls eins og vátryggingarskilmálar áskilja sem bótaskyldar tjónsorsakir. Getur vátryggingin því ekki tekið til kosnaðar við skipti á kveikjúlási bifreiðarinnar enda orsök skiptana ekki bótaskyld tjónsorsök skv. gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir þ.e. brunatryggingu lausafjár. Tjón af völdum eldsvoða varð ekki á umræddri bifreið M sem stóð fyrir utan verkstæðið þar sem eldur var. Vátryggingafélagið hefur bætt tjónið sem varð á kveikjúláslyklinum en bifreiðin sem slík varð ekki fyrir brunatjóni, sem fyrir segir.

Brunatrygging lausafjár er skaðatrygging sem innifelur takmarkaða ábyrgðartryggingu sbr. 5. gr. skilmála þ.e. lausafé í eigu þriðja manns en þá er skilyrði að um lausafé sé að ræða sem vátryggingartaki hefur í vörslum sínum og nýtir í eigin þágu sbr. nánar ákvæðið. Ekki er unnt að líta svo á að vátryggingartaki hafi nýtt umrædda bifreið í skilningi nefnds ákvæðis.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirkomulagi vátryggingarskilmála er ekki unnt að heimfæra kostnað við að skipta um kveikjúlás á bifreiðinni til þess brunatjóns sem varð. Ekki er unnt að skýra gildissvið fyrirbyggjandi skilmála sbr. 2. gr. það rúmt að vátryggingin taki til muna sem stóðu fyrir utan verkstæðið og urðu ekki fyrir eldsvoða.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. febrúar 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.